

**Fundargerð**  
**248. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**  
Þriðjudaginn 6. febrúar 2018 kl. 12<sup>15</sup> – 13<sup>30</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Frumvarp um markaðar tekjur og bundið eigið fé
- (3) Plastumbúðir
- (4) Spilliefni
- (5) Endurvinnsla á notaðri steikingaröflu og feiti
- (6) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (247 fundar).

*Samþykkt*

### 2. Frumvarp um markaðar tekjur og bundið eigið fé

Rætt var á fundinum um næstu skref er varðar bundið eigið fé Úrvinnslusjóðs. Fram hefur komið skýr vilji hjá stjórn ÚS að fá á hreint af hverju hluti eigin fjár er bundið og er vilji til að gera breytingar þar á.

*Stjórn Úrvinnslusjóðs telur þá framkvæmd að binda hluta af eigin fé Úrvinnslusjóðs óeðlilega og falli hvorki að lögum né starfssemi sjóðsins. Stjórn óskar eftir skýringum fjármálaráðherra um meðferð þessa fjár til framtíðar. Framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs er falið að senda bréf til fjármálaráðherra til að fá upplýsingar hvernig staðið verði að framkvæmd við afnám bindingu eign fjár.*

### 3. Plastumbúðir

Lagt var fram á fundinum erindi frá Pure North Recycling sem kynnt var á síðasta fundi. Á þeim fundi var rædd hugmynd um að breyta fyrirkomulagi á greiðslu endurgjalds vegna heyrúlluplasts. Farið var yfir breytinga á greiðslum fyrir heyrúlluplast á heimsmarkaði. Á fundinum var lögð fram tillaga um breytingar á endurgjaldi fyrir heyrúlluplast. Einnig var kynntur nýr ráðstöfunarflokkur heyrúlluplasts þar sem gert er ráð fyrir meiri vinnslu þ.e.: flokkun, hreinsun, kurlun, þvotti, þurrkun og böggun. ÓK sagði frá nýrri gjaldtöku skipafélaga á þjónustu við útflutningi í gámum frá útflutningshöfnum á landbyggðinni. Huga þarf að breyttu endurgjaldi til þjónustuaðila vegna þessa.

*Stjórn samþykkir að hækka endurgjald til þjónustuaðila vegna meðhöndlunar á heyrúlluplasti í 38 kr/kg. Jafnframt samþykkti stjórn nýjan ráðstöfunarflokk fyrir flokkað, kurlað, þvegið, þurrkað og baggað heyrúllaplast sem er síðan sent í áframhaldandi endurvinnslu. Endurgjald verði 55 kr/kg. Endurgjaldið miðar við að hlutfall vatns og óhreininda sé 30% af innvegnu ómeðhöndluðu heyrúlluplasti.*

Farið var yfir á fundinum að blandað plast frá heimilum hefur farið til Swerec í Svíþjóð. Swerec hætti móttöku þess um mitt síðasta ár. Forráðamenn Swerec telja að vinnsla á efni frá Íslandi geti hafist um miðjan febrúar.

GGP sagði frá ósk hans og ÓK um fund með umhverfis- og auðlindaráðherra vegna stöðu endurvinnslu úrgangs hjá íslenskum ráðstöfunaraðilum. Ekki er kominn staðfestur fundartími.

ÓK fór yfir breska PRN (Packaging Recovery Note) og PERN (Packaging waste Export Recovery Notes) kerfið sem heldur utan um peningalegar greiðslur, og staðfestingar á endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs í og utan Bretlands. Það er nokkuð frábrugðið því kerfi sem úrvinnslugjald er, en úrvinnslugjald er nýtt sem hagrænn hvati. Breska kerfið er eingöngu markaðsdrifið og stjórnast af viðskiptum fyrirtækja á milli, á markaði, án aðkomu ríkisins. ÓK sagði frá PRO- Producers Responsibility Organizations. Þessi samtök halda utan um upplýsingar um endurvinnsluaðila og samþykkja miðlara (traders) með flokkaðan úrgang.

#### **4. Spilliefni**

Lögð var fram á fundinum tillaga um breytingar á endurgjaldi við meðhöndlun spilliefna frá 1. janúar 2018 í samræmi við breytingar á gjaldskrá Kólku, launavísitölu og byggingarvísitölu. Sama verklag er við útreikning á breyttu endurgjaldi og hefur verið viðhaft undanfarin ár.

*Stjórn samþykkir tillögur um breytingar á endurgjaldi við meðhöndlun spilliefna í samræmi við fundargögn.*

#### **5. Endurvinnsla steikingarolíu og feiti**

Lagt var fram erindi frá Orkey til stjórnar Úrvinnslusjóðs um úrvinnslugjald matarolíu til að tryggja hagræn skilyrði fyrir söfnun og endurvinnslu á notaðri steikingarolíu Stjórn ræddi hvort ekki væri betra að setja skilyrði í starfsleyfi veitingastaða sem farið er fram á bættu meðhöndlun á steikingarolíu. Umræðu frestað.

#### **6. Önnur mál**

Engin.

Næsti fundur ákveðinn 27. febrúar 2017.

Fundi slitið kl. 13.30

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including "a.a.p." and "LE".*